

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 6. tbl. 11. árg

Maí og júní 2022

Komið þið sæl og gleðilegt sumar!

Þá sígur á seinni hluta skólastarfs þetta skólaárið. Maí og tveir dagar í júní sem við komum til með að nýta út í ystu æsar til að nema og læra. Maímánuður er fullur af fróðleik og vorið hjálpar okkur að sinna útiverunni enn meira en verið hefur.

Alls konar uppbrot verða á þessum tíma og má þar nefna skólaferðalag 10. bekkinga auk hefðbundinna uppbrotsdaga í lok skólaársins þegar allir nemendur flykkjast í útinám. Skólaslit verða 2. júní en meira kemur um þau hér á eftir. Á næsta skólaári verður Glerárskóli staðsettur á tveimur stöðum og á þessari stundu stendur yfir mikil vinna við að huga að flutningum og skipulagningu á skólastarfinu næsta vetur. Í sumar fara síðan af stað framkvæmdir við skólann sem taka munu allt næsta skólaár. Meira um það hér á eftir.

Við höldum því keik inn í vor og sumar og verðum reiðubúin fyrir komandi skólaár þegar að því kemur með skólasýnina okkar, HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI.

Í lok skólaársins verður skipulagið eftirfarandi:

Föstudagur 27. maí 2022 - Skipulagsdagur - Nemendur í frí og Frístund lokuð

Þriðjudagur 31. maí 2022 - Uppbrotsdagur - Skóli frá 8:15 - 13:15 - Frístund opin til 16:15

Mánudagur 1. júní 2022 - Uppbrotsdagur - Skóli frá 8:15 - 13:15 - Frístund opin til 16:15

Þriðjudagur 2. júní 2022 - Skólaslit (sjá neðar) - Frístund opin milli 8:00-9:00

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel og fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega.

Við þökkum öllum fyrir góða samvinnu á liðnu skólaári og förum full bjartsýni inn í sumarið, handviss um að komandi skólaár verði gott með öllum framkvæmdum og breytingum sem það ber með sér. Í sameiningu tekst okkur að skapa frábæran skóla fyrir nemendur svo þeir styrkist og eflist í hverju skrefi.

Njótið sumarsins.

Kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi



Klæðnaður nemenda

Veðurfar á vorin er oft með ýmsum hætti hér á landinu fagra eins og við upplifðum í morgun. Þessa síðustu mánuði skólaársins fara nemendur mikið út, bæði í kennslu og að sjálfsögðu í frímínútum. Við biðjum forráðamenn að sjá til þess að nemendur séu klæddir eftir veðri og að alltaf séu aukaföt í skólatöskunni ef mikil bleyta er úti.



Reglur um farartæki á hjólum

Nú þegar vorið er komið og grundirnar fara að gróa, taka margir fram hjól og hlaupahjól til að komast á milli staða. Þegar nemendur nýta þessi tæki þurfa þeir að fara varlega og við minnum á að **allir nemendur eiga alltaf að nota hjálma** auk þess sem tækin skulu geymd læst á skólatíma í þar til gerðum grindum. Þeir nemendur sem nýta mótorhjól (raf- eða bensindrifin) eiga að leggja þeim á bílastæði ofan leikskólans en ekki aka heim að skólanum. Hjólasvæði skólans er eingöngu ætlað órafknúnum tækjum.



Skólaferðalag 10. bekkjar 2022

Dagana 18. - 20. maí 2022 fara nemendur í 10. bekk í árlegt skólaferðalag. Söfnun hefur verið í gangi í allan vetur og hafa nemendur staðið sig með þryði í henni. Umsjónarkennarar krakkanna hafa einnig verið ötulir í að aðstoða þá í hvívetna og þökkum við þeim fyrir það. Ekki má gleyma foreldrahópnum sem hefur verið gífurlega öflugur og hjálpað til með mikilli jákvæðni. Hjartans þakkir.

Það verður gaman fyrir nemendur að ljúka skólanum með skemmtilegu ferðalagi áður en þeir segja skilið við grunnskólann sinn og halda á vit ævintýra framhaldsskólans.

Haldið verður í Skagafjörðinn þar sem skemmtileg upplifun leynist bak við hvern stein.

Við óskum þeim góðrar ferðar og vitum að það verður gleði og gaman allan tímann.



Framkvæmdir í Glerárskóla - A-álma

Eins og flestir vita verður farið í gagngerar endurbætur á A-álmu (elstu álmu) skólans á næsta skólaári. Hefjast þær í vor um leið og skóla lýkur og taka allt næsta skólaár. Það sem byrjað verður á er að taka tengigang skólans og stækka hann auk þess að grafa frá A-álmu báðum megin. A-álma verður tveggja hæða þegar framkvæmdum er lokið þar sem neðri hæðin verður gerð að 1. hæð með því að grafa alveg frá henni. Það verða því miklir þungaflutningar á lóðinni strax í vor og allan næsta vetur verður mikið um iðnaðarmenn og umferð til og frá skólanum. Þeir sem verða við vinnu í álmunni aka inn og út um efri aðkeyrslu að bílastæði og fara þaðan inn á byggingarsvæði sem verður afgirt í kringum A- álmu, allt frá inngangi að austan og að C-álmunni (starfsmannaálmu).

Aðgengi að skólanum verður báðum megin við byggingasvæðið fyrir gangandi (hjólandi) nemendur en við minnum forráðamenn á að nota sleppisvæðið ef nemendum er ekið í skólann og biðjum alla að nýta ekki bílastæðið til að sleppa nemendum út. Vinna við álmuna mun taka allt næsta skólaár en reynt verður að klára tengiálmu í sumar þar sem nýta þarf hana strax og skóli byrjar. Þar sem framkvæmdir verða í gangi allt skólaárið þurfa nemendur, forráðamenn og starfsfólk að birgja sig upp af þolinmæði og þrautseigju fyrir starfið næsta vetur. En uppskeran verður ríkuleg og því er fyrir þreyttan að þola þar til endurnýjuð og glæsileg álma verður tekin í notkun. Hér á eftir koma upplýsingar um næsta skólaár en að sjálfsögðu verða sendar ítarlegri upplýsingar þegar við hefjum starf í ágúst.

Skipulag skólastarfs í Rósenborg/Glerárskóla - 8. - 10. bekkur

Skólaárið 2022-2023 verður 8. - 10. bekk aðallega kennt í Rósenborg. Þó mun íþrótt- og sundkennsla fara fram í Glerárskóla auk þess sem valgreinar eru kenndar víða á Akureyri. Breyting verður á ýmsu fyrirkomulagi til að allt gangi smurt fyrir sig og kemur það helsta hér:

Tímasetningar í Rósenborg:

Skóli hefst **kl. 8:10** á morgnana og stendur til 12:45 en þá er matartími. Klukkan 13:15 hefst kennsla á ný og stendur mislengi fram á dag eftir því hvaða valgreinum nemendur sinna.

Rútur:

Rúta fer á hverjum morgni frá Glerárskóla upp í Rósenborg **kl. 8:00**. Rúta fer frá Rósenborg út í Glerárskóla fjóra daga vikunnar kl. 12:35. Þegar nemendur eru í íþróttum og sundi verða rútuferðir aðlagðar að þeim bæði til og frá Glerárskóla/Rósenborg. Ef nemendur missa af rúttunni verða þeir að koma sér sjálfir í skólann.

Matartími:

Nemendur fá mat kl. 12:45 í Glerárskóla alla daga nema miðvikudaga. Á miðvikudögum snæða nemendur í Brekkuskóla kl. 12:35 en þá daga heldur kennsla í Rósenborg áfram til kl. 13:45.

Valgreinar:

Valgreinar eru kenndar í Rósenborg og Glerárskóla. Ef nemendur eru skráðir í valgrein sem er staðsett í Rósenborg, Brekkuskóla eða öðrum stað þar nálægt, geta þeir fengið að borða í Brekkuskóla.

Skipulag skólastarfs í Glerárskóla 2022-2023 - 1. -7. bekkur

Skólaárið 2022-2023 verður 1. - 7. bekkur staðsettur í Glerárskóla í tveimur álmum, B og D. Þar verða einnig kenndar list- og verkgreinar ásamt því að Frístund fær sitt svæði. Vegna framkvæmda þurfum við að þjappa okkur saman og nýta hugmyndaauði í skólastarfi nú meira en nokkru sinni.

Staðsetning í álmunum verður eftirfarandi:

B-álma:

B1 og B3 - Frístund

B2 - List- og verkgreinar

B4 - 3. bekkur

B5 og B7 - 2. bekkur

B6 og B8 - 1. bekkur

D-álma:

D1 og D3 - 4. bekkur

D2 og D4 - 5. bekkur

D5 og D7 - List- og verkgreinar

D6 og D8 - 7. bekkur

D9 - 6. bekkur

„Þegar þú ert öðrum góður ertu sjálfum þér bestur“

Höf. Benjamin Franklin

Helstu atburðir í maí og júní 2022

Maí 2022	
16. - 18. maí	Skólaferðalag 10. bekkjar
26. maí	Uppstigningardagur - skólafrí
27. maí	Skipulagsdagur - nemendafrí - Frístund lokuð
31. maí	Uppbrotsdagur - skólastarf til 13:15 hjá nemendum
Júní 2022	
1. júní	Uppbrotsdagur - skólastarf til 13:15 hjá nemendum
2. júní	Skólaslit - 1.- 7. bekkur að morgni - 8. -10. bekkur seinnipart (sjá neðar)

Skólaslit Glerárskóla vorið 2022

Fimmtudaginn 2. júní 2022 verða skólaslit í Glerárskóla.



Nemendur í 1. – 7. bekk mæta í stofur, þaðan er gengið í röð í íþróttasal þar sem formleg slit fara fram. Að þeim loknum fara nemendur aftur í röð í stofur þar sem umsjónarkennarar kveðja. Frístund verður opin milli 8:00 - 9:00 en eftir skólaslitin er komið sumarfrí hjá nemendum.

Skólaslit 8. - 10. bekkjar verða í Gleráarkirkju sama dag klukkan 16:30. Á eftir slitunum verður nemendum 10. bekkjar og forráðamönnum þeirra auk starfsfólki boðið í kaffi og kökur í safnaðarheimili kirkjunnar.

Skólaslitin verða sem hér segir:

- Kl. 9:00: 1. – 4. bekkur mætir í heimastofur - að loknum skólaslitum er sumarfrí
- Kl. 10:00 5. – 7. bekkur mætir í heimastofur - að loknum skólaslitum er sumarfrí
- Kl. 16:30 8. - 10. bekkur mætir í Gleráarkirkju, 10. bekkur ásamt aðstandendum – hátíðarstund, útskrift og kaffiveitingar í boði 9. bekkjar Glerárskóla. Að loknum skólaslitum fara nemendur í sumarfrí.

„Þeir sem hleypa sólskini inn í líf annarra, geta ekki haldið því frá sjálfum sér“
James M. Barrie

Þátttaka í verkefnum Erasmus+

Í maí verður tímabil ferðalaga nemenda og starfsfólks skólans vegna þátttöku í ýmsum Erasmus+ verkefnum.



Be a Shield Around the World:

Dagana 7. -13. maí fara fjórir nemendur, Tinna í 9.b og Sigríður Birna, Hlynur og Sigurður Jökull í 8.b., ásamt tveimur starfsmönnum til Danmerkur vegna þátttöku Glerárskóla í Erasmus+ verkefninu: Be a Shield Around the World. Nemendur hafa unnið verkefni áður en þeir fara sem tengd eru umhverfismálum. Í Danmörku munu þeir taka þátt í mörgum fróðlegum og skemmtilegum atburðum sem dýpka skilning þeirra á umhverfismálum og gleðja sálina.

Gerum gott betra:

Sömu daga eða 8.-12.maí fara tveir starfsmenn til Hollands vegna þátttöku í Erasmus+ verkefninu Gerum gott betra og snýr það verkefni að stoðþjónustu skólans.

„Að tala er að sá, að hlusta er að uppskera.”
Höf. ókunnur

Erasmus+ We All Equale One

Dagana 25.-28. apríl voru í heimsókn gestir frá samstarfsskólum okkar í Erasmus+ verkefninu We all Equal One. Þau voru í skólanum á mánudegi og þriðjudegi, fóru í ferð um Norðurland á miðvikudeginu og síðan endaði heimsóknin á grillveislu í Kjarnaskógi. Fyrir verkefnið fékk Glerárskóli tilnefningu til Jafnréttisviðurkenningar. Í júní lýkur þessu verkefni en framundan eru mörg önnur spennandi Erasmus+verkefni sem Glerárskóli verður aðili að.

Rýmingaræfing

Vikuna 9. - 13. maí 2022 verður óundirbúin rýmingaræfing í Glerárskóla. Hún fer þannig fram að bjöllum verður hringt án þess að starfsfólk og nemendur viti af og í framhaldinu verður að rýma skólann samkvæmt áætlun. Slökkvilið Akureyrarbæjar kemur og tekur þátt í æfingunni. Við biðjum forráðamenn um að ræða við börnin sín um mikilvægi æfinga sem þessara og fara í gegnum það að engin hætta er á ferðum heldur erum við að æfa okkur til öryggis ef á þarf að halda.



Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

